

Föstudaginn 16. október 1959.

Nr. 143/1958. **Ákærvaldið** (Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Páli Guðjónssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstarétta.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson, skipstjórar í Vestmannaeyjum.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvörðun þá, sem gæzluflugvélin Rán gerði yfir v/b Guðbjörgu, VE 271, kl. 04.50 hinn 29. júlí 1958, og reyndist staður bátsins um 13,2 sm. innan fiskveiðimarkanna.

Pegar framangreind staðarákvörðun var gerð, voru í bátinum með ákærða, Páli Guðjónssyni, þeir Þorsteinn Guðjónsson, bróðir ákærða, Gunnar Ágúst Helgason, mágur ákærða og sameigandi að v/b Guðbjörgu, og Elías Fannar Óskarsson. Báru skipverjar þessir fyrir dómi hinn 30. júlí 1958, að ákærði og þeir hefðu í þetta sinn verið að handfæraveiðum, en dragnót, sem í bátinum var, hefði ekki verið kastað. Með því að þeir heitfestu ekki þessa framburði sína, voru þeir að tilhlutan málflytjenda fyrir Hæstarétti látnir koma fyrir dóm að nýju í maímánuði 1959. Kvaðst þá hver um sig halda fast við fyrri framburð sinn, en allir færðust þeir undan að staðfesta vætti sitt með eiði, og varð því ekki af heitfestingu.

Löggæzlumennirnir Sigurður Arnason skipstjóri og Ásgeir Þorleifsson flugmaður hafa skýrt svo frá fyrir dómi og staðfest þann framburð með eiði, að þeir hafi í umrætt sinn séð greinilega dragnótastrenginn út af bátinum og síðar dragnótina sjálfa við síðu bátsins. Með þessu vætti löggæzlu-

mannanna, sem ekki hefur verið hnekkkt, er sannað, að ákærði hafi verið að dragnotaveiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir. Hefur hann með þessu gerzt sekur við 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sem þá var í gildi, sbr. lög nr. 44/1948, og nú reglugerð nr. 70/1958. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952 og lögum nr. 81/1952 varðar þetta hann viðurlögum eftir 4. (áður 3.) gr. laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 83/1945 og lög nr. 31/1951. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5.000,00 króna sekt, er renni til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937 að dæma upptæk afla og veiðarfæri, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 4.000,00 til hvors.

Það athugast, að verjandi máls þessa fyrir Hæstarétti sendi héraðsdómi allmörg utanréttarvottorð, sem síðan voru lögð fram við framhaldspróf í málinu, án þess að fyrir hendi væru skilyrði til þess samkvæmt 2. málsg. 102. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðjónsson, greiði 5.000,00 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 4.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 1. ágúst 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er höfðað af ákærvaldinu með ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðherra í gær, á hendur Páli Guðjónssyni skipstjóra, Vestmannabraut 55, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa verið að dragnótaveiðum á m/b Guðbjörgu, VE 271, þriðjudaginn 29. júlí 1958 um kl. 04.50 innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948. Þykir brotið varða við 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951. Þess er krafist af hálfu ákærvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar skv. nefndum lagagreinum, til upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Páll Magnús Guðjónsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 12. desember 1926 og hefur ekki sætt refsingu eða kæru fyrir nokkurt brot, svo að vitað sé.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 29. júlí 1958 var gæzlufugvélin TF — KAC á eftirlitsferð við Vestmannaeyjar. Um kl. 04.40 var tekið eftir fiskibát skammt NA af Elliðaey.

Um kl. 04.45 var komið að m/b Guðbjörgu, VE 271, sem var að draga inn dragnótastrengi, en í öðru aðflugi sást, að dragnótin var komin að síðu bátsins.

Um kl. 04.50 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, þar sem hann var að draga inn dragnótina:

V.K. Bjarnarey $\neq$ A.K. Elliðaey $>$ Þrídrangar $49^{\circ} 10'$.

Gefur það stað bátsins um 13,6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Um kl. 05.10 sást, að dragnótin var komin inn.

Þar sem ekki var aðstaða til frekari aðgerða í máli þessu, hélt flugvélin til frekari gæzlustarfa um kl. 05.13, en kl. 05.25 sást, að m/b Guðbjörg lét reka á sömu slóðum.

Hægviðri var, skýjað, en ágætt skyggni.

Í flugvélinni voru þeir Ásgeir Þorleifsson flugmaður og Sigurður Árnason skipstjóri. Báðir hafa þeir mætt fyrir réttinum og staðfest ofanritaða skýrslu. Kvaðst Sigurður hafa framkvæmt staðarákvarðanirnar og notað sextant, en Ásgeir kvaðst hafa fylgt með mælingunum, séð miðin og lesið á sextantinn. Báðir kváðust hafa séð dragnótastrengi greinilega út frá bátnum og síðan séð dragnótina við síðu bátsins. Sigurður kvaðst auk þess hafa séð keflin á dragnótinni rétt utan við dragnótarúllurnar, og einnig

hefði hann séð vængi dragnótarinnar koma greinilega í ljós í sjóskorpunni. Er athugun þeirra fór fram, var flogið allt niður undir 30 feta hæð, en flogið var í ca. 500 feta hæð, er staðarákvarðanirnar voru gerðar. Báðir staðfestu þeir framburði sína með eiði.

Ákærði hefur algerlega neitað að hafa verið að dragnótaveiðum í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa farið í róður á mánudagskvöld og haldið inn fyrir Elliðaey. Dragnót hafi þeir haft um borð svo og handfæri, en ekki önnur veiðarfæri. Dragnótinni köstuðu þeir aldrei, en reyndu að veiða með handfærum og fengu lítinn afla. Þeir lágu fyrir akkerum yfir dimmuna, en eftir að tók að birta, fóru þeir að draga inn legufærin. Hékk þá netariðill og kúlur og ýmislegt drasl á akkerisflauginni, og fór riðillinn undir bátinn, og tók nokkurn tíma að losa hann frá. Er þeir voru langt komnir við að draga inn akkerið, kom gæzluflugvélin til þeirra og sveimaði yfir þeim góða stund. Taldi ákærði sennilegt, að þeim, sem í flugvélinni voru, kynni að hafa sýnt, er þeir sáu netaslitrin á akkerisflauginni, að um dragnót væri að ræða, enda væri varla um aðra skýringu að ræða á framburði þeirra, þar sem ákærði kvaðst alls ekki hafa verið á dragnótaveiðum.

Auk ákærða voru þrír skipverjar á bátnum, og gáfu þeir allir skýrslu fyrir réttinum. Voru þeir sammála um, að báturinn hefði ekki verið á dragnótaveiðum, er flugvélinar bar að, heldur hefðu þeir verið að draga inn legufæri bátsins. Var framburður þeirra mjög á sömu lund og ákærða sjálfs.

Staðarákvarðanir gæzlumanna kvaðst ákærði ekki vefengja og gerði ráð fyrir, að þær mundu réttar.

Þegar þess er gætt, að skyggni var gott, er flugvélin var yfir bátnum, og skilyrði til athugunar góð að öðru leyti, verður ekki talið sennilegt, að þeim, sem í flugvélinni voru, hafi missýnt um veiðarfæri bátsins og athafnir bátsmanna. Á hinn bóginn eru skýringar ákærða og skipverja hans að ýmsu leyti ekki trúlegar. Auk þess eru skipverjarnir ekki fullgild vitni í málinu. Þykir samkvæmt þessu því rétt að líta svo á, að með eiðfestum framburði áhafnar flugvélarinnar séu nægjanlegar líkur að því leiddar, að ákærði hafi verið að dragnótaveiðum í umrætt sinn og á umræddum stað, og hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, og lög nr. 81/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. grein laga nr. 31/1951.

M/b Guðbjörg, VE 271, er að stærð 19,66 rúmlrestir brúttó og

6,61 rúmllestir nettó. Samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur í dag 738,95 pappírskrónum.

Refsing ákærða samkvæmt ofangreindum lagaákvæðum þykir hæfilega ákveðin 3.700,00 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað sektarinnar 30 daga varðhald.

Samkvæmt lögjöfnun frá 3. gr. laga nr. 45/1937 þykir bera að ákveða, að afli og veiðarfæri um borð í m/b Guðbjörgu, VE 271, skuli ger upptæk, og renni andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðjónsson, greiði 3.700,00 kr. sekt í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í m/b Guðbjörgu, VE 271, skulu ger upptæk, og renni andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
